



## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík 7. maí 2016

### Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda um tillögu til þingsáætlunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015- 2018

Stjórn Félags íslenskra bifreiðaeigenda hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018. Félagið biðst velvirðingar á því að umsögn er ekki skilað fyrir en nú. FÍB fagnar síðbúnum tillögum en harmar það að áætlanir um fjárveitingar til málaflokksins eru allt of takmarkaðar sérstaklega ef mæta á því aukna álagi sem fylgt hefur auknum ferðamannastraumi á liðnum árum.

#### Fjármagn

Það er mat FÍB að átaks sé þörf í viðhaldi og nýframkvæmdum vega vegna þeirrar miklu vanrækslu sem vegakerfið hefur mátt þola á liðnum árum. Samkvæmt fjárlögum fyrir 2016 er eingöngu gert ráð fyrir að verja tæplega 23.8 milljörðum króna til vega- og hafnaáætlunar. Það er samdráttur um tæpan milljarð króna miðað við 2015. Ef tekin eru frá útgjöld til vita, varnargarða, vakstöðvar siglinga, almenningssamgangna og framkvæmda á Bakka, Húsavík þá standa eftir 18.8 milljarðar króna til rekstur, viðhalds, þjónustu og nýframkvæmda við vegi og jarðgöng á almenna vegakerfinu. Í samgönguáætluninni er gert ráð fyrir að tæpum 5 milljörðum verði varið aukalega 2017 og 2018 umfram árið í ár. Það er vel að lofa inn í framtíðina enda vandamálið aðkallandi en á sama tíma er það ekki lofandi að vera með jafn takmörkuð framlög til vega á þessu ári.

#### Umferðaröryggi

Umferðaröryggismál hafa einnig verið útundan hjá stjórnvöldum á liðnum árum. Fjárframlög til forvarnarmála hafa setið á hakanum og lítill áhugi virðist á því að halda úti tengslaneti við áhuga- og hagsmunaaðila á sviði umferðar. Fagráð um umferð hefur verið án formanns og varaformanns frá síðustu áramótum. Innanríkisráðherra á að skipa þessa fulltrúa. Að auki hefur starfshópur innanríkisráðuneytisins um átak Sameinuðu þjóðanna, *Áratugur aðgerða í umferðaröryggi* (Decade of Action) ekki verið kallaður saman í um 2 ár. Starfshópurinn annaðist m.a. undirbúning og framkvæmd árlegs minningardags um þá sem látist hafa í umferðarslysum m.a. í samstarfi við bráðaliða sem koma að björgun og aðhlyningu þegar umferðarslys verður. Minningardagurinn var ekki haldinn í nóvember 2015 eftir að hafa verið haldinn árlega fjögur ár þar á undan.



## Annað samfélag

Íslenska vegakerfið er byggt upp miðað við allt annað samfélag en við búum við í dag. Það þarf að huga sérstaklega að leiðum sem eru eftirsóknarverðar af ferðamönnum. Þetta snýst ekki bara um framkvæmdir heldur ekki síður um viðhald og bættu þjónustu allt árið um kring. Undanfarin ár hefur FÍB unnið að öryggisúttektum á íslenska vegakerfinu með aðferðum EuroRAP, sem er samræmd öryggisúttekt og áhættumat vegakerfa. Aðferðum EuroRAP er nú beitt um allan heim, sem partur af aðgerðaráætluninni *Áratugur aðgerða*.

Samhliða fjölgun ferðamanna eykst akstur. Huga þarf sérstaklega að vegum til og frá vinsælum áfangastöðum ferðamanna. Athyglisvert er að sjá meðalumferð á dag við Gullfoss og Geysi í september 2015 samanborið við sama tíma 2014. Umferðin hefur nær tvöfaldast á þessum tíma.

Það er skoðun stjórnar FÍB að umferðaröryggi eigi að veða þyngst við forgangsröðun verkefna í samgöngumálum á landi. Örugg umferð varðar hvert mannsbarn og mun skila ríkulegum arði til samfélagsins í heild.

Varðandi forgangsröðun framkvæmda þá telur FÍB mikilvægt að fagaðilar leiði þá vinnu í samráði við kjörna fulltrúa almennings. Við það verk verði tekið mið af þjóðhagslegri arðsemi, umferðaröryggi, atvinnuuppbyggingu og samfélagsþróun? **FÍB býður fram krafta sína og þekkingu við slíka vinnu.**

## Áherslur varðandi samgöngur

FÍB tekur undir margar áherslur stjórnvalda og hugmyndir um aðgerðir varðandi samgöngur og umferð sem settar eru fram í samgönguáætlun. Orð eru eitt en aðgerðir annað og FÍB hvetur stjórnvöld til dáða á þessu sviði.

### Meginmarkmið

- Hreyfanleg umferð.
- Hagkvæm umferð.
- Hrein umferð.
- Hindrunarlaus umferð.
- Hljóðlát umferð.
- Hættulaus umferð.

### Hreyfanleg umferð

- Bæta aðgengi og hreyfanleika í samgöngukerfinu, fyrir fólks- og vöruflutninga.
- Stytta ferðatíma flestra landsmanna til að komast til vinnu og í skóla.
- Auka hlutfall þeirra sem geta sótt nauðsynlega opinbera þjónustu til höfuðborgarsvæðisins í dagsferð.
- Byggja upp grunnnetið eftir forgangsröðun og svartblettagreiningu og þjónusta þá.
- Auðvelda hjólandi og gangandi að komast leiðar sinnar.
- Efla almenningsamgöngur á landi og með flugi.

### Hagkvæm umferð

- Auka gagnsæi í ákvarðanatöku, verðlagningu og kostnaði.
- Beita faglegum greiningum við forgangsröðun verkefna.
- Draga úr þörf fyrir stórfamkvæmdir s.s. með breyttum ferðavenjum.

- Skoða samstarf við einkaaðila um stórf framkvæmdir.
- Birta reglulega uppfærðar upplýsingar um meðalkostnað og tekjur ríkisins af hverjum farþega í einkasamgöngum, innanlandsflugi og ríkisstyrktum almenningsamgöngum.
- Draga úr kostnaði heimila vegna samgangna með styttingu ferðatíma, styttri vegalengdum og styrkingu almenningsamgangna.

#### Hættulaus umferð

- Fækka alvarlegum slysum og banaslysum í umferð að jafnaði um 5% á ári til 2026.
- Samræma skráningu atvika í öllum samgöngugreinum til að draga úr slyshættu.
- Vinna markvisst að því að auka öryggi í samgöngum og að samgöngukerfið standist úttektir alþjóðlegra stofnana á öryggi í samgöngum.

#### Hrein umferð – sjálfbær umferð

- Draga úr hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum umhverfisáhrifum samgangna, bæði við framkvæmdir og notkun samgöngukerfisins.
- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.
- Draga úr svifryksmengun og umferðarhávaða.
- Auka rafræna stjórnsýslu til að draga úr ferðum íbúa til stjórnsýslustofnana.

#### Hagkvæm umferð

- Efla búsetugæði og vinna að samgöngubótum með áherslu á tengingu byggða þannig að íbúar njóti besta mögulega aðgengis að menntun, atvinnu og þjónustu.
- Þjóna íbúum landsins og atvinnulífi með skilvirkum hætti.
- Taka tillit til þarfa ferðaþjónustu við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins.

Fyrir hönd stjórnar Félags Íslenskra Bifreiðaeigenda

  
Runólfur Ólafsson  
Framkvæmdastjóri

